

Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar,  
Óskar Örn Gunnarsson

Stykkishólmi, 2. mars 2021

**Efni: Umsögn um tillögu að aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035**

Breiðafjarðarnefnd hefur farið yfir tillögu að aðalskipulagi Vesturbyggðar skv. ósk skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar.

Nefndin telur að í aðalskipulaginu mætti skilgreina betur mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Um er að ræða allar eyjar, hólma og sker á Breiðafirði ásamt fjörum á innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

Breiðafjarðarnefnd bendir á að almennt er í tillögunni ekki fjallað sérstaklega um náttúruvar og menningarminjar á þeim hluta verndarsvæðis Breiðafjarðar sem tilheyrir sveitarfélaginu Vesturbyggð heldur er yfirleitt fjallað um verndarsvæðið í heild sinni.

Breiðafjarðarnefnd bendir á að í kafla 1.5.2 um seli mætti fjalla nánar um útseli, enda um helmingur allra íslenskra útsela á Breiðafirði. Bent er á umfjöllun og gögn á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í kafla 1.5.3 um ref og mink getur orðalagið misskilist en af þessum tegundum hefur einungis rottum verið útrýmt úr eyjum á Breiðafirði.

Virðingarfyllst,  
f.h. Breiðafjarðarnefndar,



Erla Friðriksdóttir,  
formaður Breiðafjarðarnefndar